

Alþingi
Erindi nr. P 139/2689
komudagur 24. 5. 2011

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Alþingi Íslendinga
Alherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi 24. maí 2011

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um Stjórnarráð Íslands, 674. mál.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana vill gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, 674 mál, sem nú er til meðferðar á 139. löggjafarþinginu

Almennt

Að mati FFR er endurskoðun laganna gagnleg til að skerpa á ýmsu er varðar skipulag, stefnumótun, formfestu, skjölun og valdheimildir ráðherra og embættismanna í Stjórnarráði Íslands m.a. á grundvelli ábendinga sem fram koma í rannsóknarskýrslu Alþingis um bankahrunið. Félag forstöðumanna vill þó gera athugasemdir við eftirfarandi atriðið í frumvarpinu sem þarf að mati félagsins að skoða betur:

1. Í 2. grein frumvarpsins segir að ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en tíu. Þessi takmörkun eða þak á fjölda ráðuneyta er að mati Félags forstöðumanna óþörf og órökrétt ef tryggja á sveigjanleika til að bregðast við breytilegum aðstæðum í framtíðinni. Það er alls ekki einhlýtt að ráðuneyti séu skilvirkari og betri ef þau eru stærri og stundum getur verið hentugt að bregðast við óvenjulegum aðstæðum með óvenjulegum hætti t.d. með stofnun lítilla ráðuneyta. Dæmi um slíkt er að finna í nágrennalöndum okkar s.s. í Danmörku.
2. Í 12. grein frumvarpsins er fjallað um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra. Þar segir m.a. :

„Ráðherra fer með yfirstjórn stjórnvalda sem hafa á hendi framkvæmd stjórnarmálefna er undir ráðuneyti hans heyra, enda leiði ekki af lögum að stjórnvald skuli vera sjálfstætt gagnvart ráðherra.


Í yfirstjórn skv. 1. mgr. felst m.a. að ráðherra getur gefið stjórnvaldi almenn og sérstök fyrirmæli um starfrækslu á verkefnum þess, fjárreiður og meðferð eigna, enda mæli lög eða eðli máls því ekki í mót“

Félag forstöðumanna gerir athugasemdir við þessa grein hvað varðar heimild ráðherra til að gefa stjórnvaldi almenn og sérstök fyrirmæli um starfrækslu á verkefnum þess, fjárreiðum og meðferð eigna. Ef þessi grein verður fest í lög óbreytt er að mati Félags forstöðumanna ríkisstofnana hætt á að eftirfarandi gerist:

- a. Hlutverk ráðuneytanna sem æðra stjórnvalds verður óljóst ef ráðherra er einnig að gefa almenn og sérstök fyrirsmæli til lægra settra stjórnvalda s.s. stofnana sinna.
- b. Stjórnsýslukætur til æðri stjórnvalda vegna ákvarðana lægra settra stjórnvalda verða í uppnámi þar sem ráðherra hefur mögulega verið beggja vegna borðsins og gefið sérstök fyrirsmæli.
- c. Valdmörk og stjórnunarspönn forstöðumanna ríkisstofnana og ráðherra verður óljós sem getur leitt til misskilnings og vandræða.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana telur mikilvægt að ræða framangreind vafaatriði mun betur og eru fulltrúar félagsins reiðubúnir að mæta á fund alsherjarnefndar til að ræða framangreindar athugasemdir og frumvarpið í heild sinni.

Bestu kveðjur



Magnús Guðmundsson

formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana
magnus@lmi.is

Póstfang:

Landmælingar Íslands
Stíllholt 16-18
300 Akranes